


## Low Level Significant kort

Low Level SIGWX (LLS) kortin sýna flugskilyrði í lægri hæðum yfir Íslandi, Norður-Atlantshafi og meirihluta Grænlands. Kortin eru einkum ætluð flugmönnum til að gefa þeim heildarsýn yfir veður og veðrakerfi á svæðinu. Kortin ná frá yfirborði og upp í FL150. Þau eru gefin út þrisvar sinnum á sólarhring með gildistíma kl 06, 12 og 18. Búast má við kortunum á vef Veðurstofunnar tveimur og hálfum tíma fyrir gildistíma. Framsetning kortsins er samkvæmt almennum stöðlum ICAO Annex 3. Allar hæðir eru gefnar í fluglagi, þ.e. hundruðum feta.



### Þættir sem koma alltaf fram:

1. Þrýstikerfi
2. Skil, lægðardrög og skúragarðar
3. Markverð (significant) ský og markvert veður\*
4. Svæði með lélegu skyggni – víðfeðm svæði þar sem skyggni er undir 5 km og/eða botnar lægstu skýja eru undir 1.000 ft
5. Frostmarkshæð yfir sjávarmáli

### Einnig geta eftirfarandi atriði komið fram:
























6. Veðurfyrirbæri sem teljast ekki markverð
7. Stór svæði með skýjahulu BKN/OVC með botna lægri en 1.500 ft frá yfirborði
8. Svæði þar sem yfirborðsvindur er 30 hnútar eða meiri
9. Ef vindur við yfirborð er meiri en 40 hnútar er hægt að afmarka það svæði og tilgreina vindhraða með 10 hnúta bili






### Það sem kemur ekki fram:

1. Skotvindar eða CAT (sjá SIGWX kort fyrir hærri hæðir)
2. Skyggni (þokumóða og þoka eru þó gefin)
3. Fjallabylgjur (MTW er þó skrifað með MOD/SEV TURB tákni ef ókyrrð stafar af fjallabylgjum)
4. Vindur í hæð (sérstök vindakort eru á flugveðursíðum)

\*Markvert veður (significant) telst vera miðlungs/mikil úrkoma og þokumóða eða þoka þar sem skyggni fer undir 5.000m. Þrumuveður (TS) og frostköld úrkoma (FZRA/DZ) eru markverð óháð magni.

### Helstu tákn:

	Hitabeltislægð		Úði eða súld		
	Mikill skúragarðaveggur (squall line)		Rigning		
	Miðlungs ókyrrð		Snjór		
	Mikil ókyrrð		Skúrir		Haglél
	Fjallabylgjur		Skafrenningur, skyggni < 500m		
	Miðlungs ísing á flugvélum		Mikið sand- eða rykmistur		
	Mikil ísing á flugvélum		Sandbylur eða moldrok, skyggni < 1.000m		
	Þoka, skyggni < 1.000m		Þurramistur		
	Geislavirk efni í andrúmslofti		Þokumóða, skyggni > 1.000m		
	Eldgos		Reykur sem hamlar skyggni		
	Sést ekki til fjalla		Frostköld úrkoma		

Tákn	
	Þrumuveður, Cb
	Afmörkun skýjasvæðis með markverðum skýjum.
	Textbox sem afmarkar efri og neðri hæð skýja og gerð hulu. XXX táknar að ský ná út fyrir hæðarmörk korts
	Sterkur yfirborðsvindur, gefinn upp í hnútum
	Frostmarkshæð í hundruðum feta. SFC þýðir yfirborð
	Afmörkun svæðis þar sem skilyrði eru undir

	sjónflugsskilyrðum eða VFR (skyggni undir 5.000m og/eða skýjahæð BKN/OVC undir 1.500ft)
	Kulda skil
	Hita skil
	Samskil
	Kýrrstæð skil
	Lægðardrag
H	Hæðarmiðja
L	Lægðarmiðja

Ef búist er við Cb (Cumulonimbus skýi eða skúraskýi) skal gera ráð fyrir MOD/SEV ICE/TURB/HAIL.

ISOL = Veðurfyrirbæri er á minna en 50% af svæðinu

OCNL = Veðurfyrirbæri er á 50-70% af svæðinu

FRQ = Veðurfyrirbæri er á meira en 70% af svæðinu

LCA = Local eða locally. Staðbundið fyrirbæri